

Ed.

## 229. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr.
  - A. Á eftir c-lið komi tveir nýir liðir, er verða d- og e-liðir og orðist svo:
    1. Fé það, sem greitt hefur verið til sjómanna sem áhættubóknun á árunum 1940 til 1945 að báðum meðtöldum og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.
    2. Fé það, sem lagt hefur verið í varasjóði hlutafélaga, annarra en þeirra, sem að framan getur, og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.
  - B. Á eftir orðinu „samvinnufélaga“ í næstsiðustu málsgr. komi: hlutafélaga, sem njóta skattviltana vegna framlags til varasjóðs.
2. Við 6. gr.
  - a. Í stað orðanna „árið 1945 o. s. frv.“ undir tölulið 2 og til enda töluliðarins komi: 1945, 1946 og 1947 með 400% álagi.
  - b. Töluliður 4 orðist svo: Skip skal reikna á bókfærðu eignarverði án tillits til váttryggingarupphæðar, enda hafi skattanefndir viðurkennt það mat skipanna við framtal.
3. Við 9. gr.
  - a. Í stað orðanna „að hálfu“ í 2. másl. komi: að fullu.
  - b. 3. og 4. másl. falli niður.
4. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:

Í byrjun hvers mánaðar, eftir að verðlagsuppbót hefur verið greidd í fyrsta skipti samkv. lögum þessum, skal útgreidd verðlagsuppbót lækka um 1 stig. Vinnuveitandi greiði þó, þar til öðruvísi verður ákveðið, verðlagsstölu á laun samkvæmt fyrirráðum 1. málsgr. þessarar greinar. Mismuninum skal varið til niðurgreiðslu á neytluvörum landsmanna fram yfir það, sem nú er greitt úr ríkissjóði.
5. Við 15. gr.
  - a. Á eftir orðunum „til þess að færa niður“ í upphafi 1. málsgr. komi: útláns- vexti og.
  - b. Ef sannað verður, að verk, sem unnin eru í ákvæðisvinnu, eftir að lög þessi öðlast gildi, gefa verksala hærra launatekjur en 25% yfir gildandi grunn- launataxta, að viðbætti verðlagsvísitölu samkv. 12. gr., skulu verðlagsyfir- völdin lækka greiðsluna niður í þá upphæð.
6. Við 18. gr. Orðin „þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs.“ í 1. másl. falli niður.
7. Við 22. gr. Í stað orðanna „og er ríkisstjórninni heimilt“ í 1. málsgr. komi: enda sé aðilum heimilt að selja vörur sínar sjálfir, ef þeir eiga þess kost að fá þannig hærra verð fyrir þær, og ríkisstjórninni.
8. Við 27. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, er orðist svo: Framlenging- argjöld og stimpilgjöld af slíkum lánnum greiði lánveitandi.
9. Við 46. gr. Greinin orðist svo:

Söluskattinn er óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða að taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun. Er skatturinn frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur .